Föstudaginn 16. ágúst 1996.

Nr. 240/1996. **Kristján Wendel**
(Baldur Guðlaugsson hrl.)
gegn
Gerpi sf.
(Othar Örn Petersen hrl.)

Kærumál. Fjárnám. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. júní 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. maí 1996, þar sem staðfest var sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 10. apríl sama ár, að fjárnám næði fram að ganga hjá sóknaraðila samkvæmt kröfu varnaraðila. Kæruheimild er í 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að fyrrnefnd ákvörðun sýslumanns verði felld úr gildi og varnaraðila gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur um annað en málskostnað, en sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem ákveðst í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Kristján Wendel, greiði varnaraðila, Gerpi sf., samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. maí 1996.

I.

Mál þetta var þingfest 3. maí síðastliðinn og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 29. sama mánaðar.

Sóknaraðili er Kristján Wendel, kt. 220130-4609, Hringbraut 34, Reykjavík.

Varnaraðili er Gerpir sf., kt. 650578-0159, Hafnarstræti 20, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að felld verði úr gildi sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 10. apríl 1996, að fjárnámsgerð varnaraðila á hendur sóknaraðila skuli fram fara. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila að skaðlausu.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að staðfest verði sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 10. apríl 1996, að fjárnámsgerð varnaraðila á hendur sóknaraðila skuli fara fram. Þá er þess krafist, að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt mati dómsins í samræmi við hagsmuni málsins, vinnu málflytjanda og annan kostnað af málinu.

II.

Ágreiningur aðila varðar skilning á dómsorði hæstaréttardóms frá 22. febrúar sl., þar sem sóknaraðili var dæmdur til að greiða varnaraðila „2.045.868 krónur með ársvöxtum 27,6% af 1.234.112 krónum frá 18. nóvember 1988 til 1. desember sama ár, 24% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 24% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 33,6% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 38,4% af 1.279.125 krónum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 42% frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 45,8% frá þeim degi til 1. september sama ár, 40,8% frá þeim degi til 1. október sama ár, 38,4% af 2.045.868 krónum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 40,8% frá þeim degi til stefnubirtingardags, 18. janúar 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags".

Í kjölfar dómsins var sóknaraðili krafinn greiðslu með bréfi, dagsettu 28. febrúar 1996. Greiddi hann 4.670.000 kr. inn á skuld sína daginn eftir, en 1. mars var honum ritað bréf, þar sem þau mistök voru sögð hafa orðið við kröfuútreikning í bréfinu frá 28. febrúar, að vextir hefðu ekki verið höfuðstólsfærðir, svo sem heimilt væri. Þau sjónarmið voru síðan áréttuð í bréfi varnaraðila til sóknaraðila, dagsettu 7. mars 1996. Telur varnaraðili, að með útreikning vaxta skuli fara svo sem dómsorðið segi, að greiða skuli, þ. e. 1.234.112 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. nóv. 1988 til greiðsludags, 45.053 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. maí 1989 til greiðsludags og 766.743 kr., með

dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. okt. 1989 til greiðsludags.

Þessum skilningi á dómsorðinu var mótmælt með bréfi sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 13. mars 1996. Í bréfinu er krafan reiknuð út samkvæmt því, sem sóknaraðili telur lögfræðilega réttan skilning á dómsorði hæstaréttardómsins, og sá útreikningur útlistaður með tölulegri sundurliðun. Samkvæmt útreikningi þessum námu eftirstöðvar dómskuldar sóknaraðila við varnaraðila 13. mars 2.321.338 krónum, og fylgdi sú greiðsla bréfinu. Taldi sóknaraðili, að með því að inna af hendi þessa fjárhæð þann dag hefði skuld sín verið að fullu upp gerð við varnaraðila, enda hefði hann greitt inn á hana 4.670.000 kr. 29. febrúar 1996.

Varnaraðili tók við síðari greiðslu með fyrirvara, með því að hann taldi, að þrátt fyrir það að inna hana af hendi hefði sóknaraðili ekki lokið fullnaðaruppgjöri.

Varnaraðili beiddist síðan fjárnáms 14. mars 1996 fyrir mismuninum, sem hann taldi nema 1.179.127 krónum samkvæmt fjárnámsbeiðni. Gerðin var tekin fyrir af fulltrúa sýslumanns 2. apríl sl., og mótmælti gerðarþoli framgangi hennar. Fulltrúi sýslumanns tók sér þá frest til 10. apríl til að kanna mótmæli gerðarþola, en ákvað þann dag, að gerðin skyldi fara fram, og var málinu þá vísað til héraðsdóms.

III.

Sóknaraðili kveður það, sem málsaðila greini á um í útreikningi kröfunnar vera, hvort höfuðstólsfæra megi þá vexti, er Hæstiréttur dæmdi sem ársvexti á tímabilinu frá 18. nóvember 1988 til 18. janúar 1990, og láta þá þar með mynda vaxtaberandi höfuðstól eða vaxtavaxtast með öðrum orðum. Óumdeilt sé, að þannig beri að fara með dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, en samkvæmt hæstaréttardóminum skuli höfuðstóllinn bera þá vexti frá 18. janúar 1990, svo sem í dóminum segi.

Samkvæmt afdráttarlausri framsetningu í dómsorðinu séu það 2.045.868 kr., sem bera eigi dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 18. janúar 1990, en ekki einhver annar höfuðstóll og hærri.

Þau sjónarmið varnaraðila að höfuðstólsfæra þá vexti, er dæmdir eru sem ársvextir á tímabilinu frá 18. nóvember 1988 til 18. janúar 1990, leiði til þess, að sá höfuðstóll, er taki á sig dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga 18. janúar 1990, sé alls ekki 2.045.868 kr., heldur einhver allt annar og hærri, en slíkan skilning geti dómsorðið ekki rúmað, því að þar segi skýrt og skorinort, að sá höfuðstóll, sem taka megi á sig dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi, sé 2.045.868 kr.

Sjónarmið varnaraðila leiði til þess, að út úr dómsorði verði að lesa allt

annað en þar skýrum og berum orðum segi, og til þess standi engar heimildir. Þær útreikningsforsendur, sem varnaraðili tekur sér, að reikna dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga af 1.234.112 kr. frá 18. nóv. 1988, 45.053 kr. frá 1. maí 1989 og 766.743 kr. frá 1. október 1989, fái engan veginn samrýmst dómsorði hæstaréttardómsins. Varnaraðili taki sér þessar forsendur því allsendis heimildarlaust, því að samkvæmt afdráttarlausum orðum dómsorðs Hæstaréttar sé greinarmunur gerður á vaxtameðhöndlun fyrir tímabilið frá 18. nóvember 1988 til 18. janúar 1990 annars vegar og hins vegar fyrir tímabilið frá 18. janúar 1990 til greiðsludags.

Vextir tímabilsins 18. nóvember 1988 til 18. janúar 1990 séu dæmdir sem ársvextir. Þó að sá vaxtafótur, sem dæmdur sé fyrir þetta tímabil, samsvari þágildandi dráttarvaxtafæti, hafi ekkert verið í kröfugerð varnaraðila, sem tengdi vaxtakröfu hans dráttarvöxtum. Vextirnir séu ekki nefndir dráttarvextir, og þar með sé ekki með neinum hætti gefið í skyn, að farið sé fram á, að með þá verði farið sem dráttarvexti, heldur hafi varnaraðili aðeins krafist tiltekinna ársvaxta fyrir þetta tímabil og ekki gert sérstaka kröfu um dómsviðurkenningu á því, að heimilt skyldi að leggja vexti þessa tímabils við höfuðstólinn og láta þá vaxtavaxtast. Þar sem ekki hafi verið krafist dómsviðurkenningar á þessari heimild, hvorki með beinum né heldur óbeinum hætti, hafi getað komið til þess, að hún yrði veitt, enda geymi hæstaréttardómurinn hana ekki.

Þar sem hvorki kröfugerð varnaraðila né dómsorð Hæstaréttar geymi neinar vísanir til þess, að með vexti þessa tímabils beri að fara sem dráttarvexti, heldur beri öll framsetning þess merki, að meðhöndla verði vexti þessa tímabils með öðrum hætti en þá vexti, sem dæmdir voru frá 18. janúar 1990, tjói hvorki fyrir varnaraðila að bera fyrir sig 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 né tilvísun í Réttarfarsskrif Markúsar Sigurbjörnssonar.

Tilvitnuð 12. gr. búi málsaðilum heimild, sem þeir verði að nýta, ef þeir ætli að reisa rétt á ákvæðum hennar. Þar sem varnaraðili hafi aldrei hreyft því, að fara bæri með vexti tímabilsins frá 18. nóvember 1988 til 18. janúar 1990 sem dráttarvexti, hafi þess ekki verið að vænta, að Hæstiréttur felldi dóm í þá veru, enda beinlínis óheimilt samkvæmt þeirri meginreglu réttarfars, sem varði ráðstöfunarhæfi sakarefnis. Því þá heldur sé óheimilt að lesa í hæstaréttardóminn allt annað og meira en hann segir.

Með öldungis samsvarandi hætti og íslenskir dómstólar geti ekki dæmt málsaðila dráttarvexti úr hendi gagnaðila, án þess að hann krefjist þeirra, verði þeim útreikningsreglum, sem lögum samkvæmt gildi um dráttarvexti, ekki beitt, nema ótvírætt sé tekið fram, að þeir vextir, sem krafist er og dæmdir eru samkvæmt kröfu, séu dráttarvextir. Það eitt að tiltaka „árs-

vexti“ og tiltekinn vaxtafót jafngildir ekki dráttarvaxtakröfu né kröfu um beitingu útreikningsreglna, sem um dráttarvexti gilda, og samkvæmt því verði dómur um dráttarvexti eða útreikningsreglur dráttarvaxta ekki kveðinn upp eða þannig skilinn, ef kröfugerð, sem ekki geymir um þetta kröfu, er fylgt.

Varnaraðili kveður ágreining aðila felast í því annars vegar, hvort talið verði, að í upptalningu í kröfugerð varnaraðila á vaxtafæti felist, að efnislega fari á annan veg með þá vexti en dráttarvexti, sem krafist sé með einfaldri vísan til III. kafla vaxtalaga, og hins vegar, hvort beiting 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 um höfuðstólsfærslu vaxta sé háð kröfu aðila eða verði beitt sjálfkrafa á gerða vaxtakröfu.

Óumdeilt sé með aðilum, að vaxtafótur í kröfugerð varnaraðila á tímabilinu 18. nóvember 1988 til stefnubirtingardags 18. janúar 1990 sé hinn sami og dráttarvaxtafótur samkvæmt III. kafla vaxtalaga á sama tímabili samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands. Af hálfu varnaraðila sé við það miðað, að í tvískiptingu vaxtakröfu fyrir stefnubirtingu og eftir hana felist einungis formlegur munur, en ekki efnislegur, þannig, að vextir á þessum tveimur tímabilum fái mismunandi meðhöndlun, þegar komi að höfuðstólsfærslu.

Upptalning á vaxtafæti í kröfugerð fram að stefnubirtingardegi helgist eingöngu af fyrirmælum í vaxtalögum fyrir breytingu þeirra með lögum nr. 67/1989, að tilgreina skyldi vaxtafót í stefnu. Með 5. gr. laga nr. 67/1989 hafi sú breyting verið gerð á 14. gr. vaxtalaga, að ekki hafi lengur verið þörf á þessari upptalningu á vaxtafæti fram að stefnubirtingardegi um kröfur, sem gjaldféllu eftir gildistöku vaxtalaganna. Mál aðila hafi verið höfðað með birtingu stefnu 18. janúar 1990, þ. e. eftir gildistöku framangreindrar breytingar á vaxtalögum. Því sé fram haldið af hálfu varnaraðila, að það eigi ekki að hafa áhrif á efnislegan rétt hans, að því er taki til vaxta, hvort hann velji að telja upp breytilegan vaxtafót eða nýti sér heimild í vaxtalögum til þess að vísa til III. kafla laganna.

Í 10. gr. vaxtalaga komi fram, að dráttarvextir séu ákveðnir sem ársvextir. Í ljósi þess og hinnar eldri reglu um upptalningu vaxtafótar í kröfugerð verði ekki hjá því komist að líta á vaxtakröfu varnaraðila sem dráttarvaxtakröfu, er lúti ákvæðum III. kafla vaxtalaga, en ekki annars konar vaxtakröfu, svo sem haldið sé fram af hálfu sóknaraðila.

Við mat á því, hvort í vaxtakröfu felist krafa um dráttarvexti, verði að horfa til eðlis kröfunnar um vexti og vaxtafótar, en ekki einblína á það, hverju nafni vextirnir séu nefndir. Umkrafðir ársvextir varnaraðila séu jafnir dráttarvaxtafæti og þeirra krafist vegna vanefnda sóknaraðila á samn-

ingsskuldbindingu við varnaraðila. Beri því ekki að meðhöndla vexti þessa, sem að sönnu séu dráttarvextir, á annan hátt en dráttarvexti þá, sem krafist sé eftir 18. janúar 1990, en tilvísun í III. kafla vaxtalaga vegna tímabilsins eftir þann dag sé eingöngu til komin af lagatæknilegum ástæðum, en ekki efnislegum, eins og rakið sé að framan.

Af hálfu sóknaraðila sé við það miðað, að í 12. gr. vaxtalaga felist heimild til handa aðilum dómsmáls að krefjast höfuðstólsfærslu dráttarvaxta. Þessi heimild sé að öllu leyti háð meginreglu réttarfars um ráðstöfun sakarefnis eða svokallaðri málsforræðisreglu. Þar sem varnaraðili hafi eigi hreyft því, að höfuðstólsfæra ætti vexti tímabilsins 18. nóvember 1988 til 18. janúar 1990, sé dómstólum óheimilt að höfuðstólsfæra þá vexti. Varnaraðili kveðst mótmæla þessari röksemd. Ákvæði 12. gr. vaxtalaga sé eigi sett fram sem heimild, heldur komi þar fram, að áfallnir dráttarvextir skuli lagðir við höfuðstól skuldar. Hér sé því um bein fyrirmæli að ræða, sem kröfueiganda sé rétt að fylgja. Ákvæðinu verði beitt sjálfkrafa, þ. e. óháð kröfu þar um. Kröfueigandi þurfi ekki að áskilja sér þennan rétt sérstaklega, og þá takmarkist hann ekki við kröfugerð fyrir dómstólum. Hins vegar geti kröfueigandi væntanlega afsalað sér rétti til höfuðstólsfærslu áfallinna vaxta, en slíkt afsal þyrfti að vera gert berum orðum.

Loks kveður varnaraðili því hafa verið haldið fram af hálfu sóknaraðila, að vaxtaútreikningur varnaraðila sé í ósamræmi við orðalag dómsorðs í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 22. febrúar sl. Því sé haldið fram, að höfuðstólsfærsla áfallinna vaxta fyrir 18. janúar 1990 rúmist eigi innan dómsorðsins, sem kveði á um, að dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga skuli reiknaðir af höfuðstól að fjárhæð 2.045.868 kr. Þessum skilningi á dómsorðinu sé mótmælt. Í dómsorðinu sé höfuðstóll skuldar sóknaraðila við varnaraðila tilgreindur og auk þess breytilegur vaxtaberandi höfuðstóll á hverjum tíma. Óhjákvæmilegt sé, að dómsorðið verði fyrir áhrifum fortakslausra lagaákvæða á borð við 12. gr. vaxtalaga, sem leiði til þess, að dráttarvextir reiknist á tilteknum tíma af uppfærðum höfuðstól, en ekki beinlínis þeim höfuðstól, sem tilgreindur sé í dómsorði. Dómsorðið rúmi slíka beitingu laga. Skýr dómafordæmi séu fyrir slíkum útreikningi dómsorðs, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands, upp kveðinn 11. janúar 1996 í máli nr. 412/1995.

IV.

Ágreiningslaust er með aðilum, að sá vaxtafótur, er fram kemur í dómsorði hæstaréttarmálsins nr. 427/1993, sem dómur var kveðinn upp í 22. febrúar 1996, á tímabilinu frá 18. nóvember 1988 til 18. janúar 1990 er í samræmi við þá dráttarvexti, sem Seðlabanki Íslands hafði ákveðið fyrir þann

tíma samkvæmt 1. mgr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Eru hinir dæmdu vextir fyrir umrætt tímabil því ótvírætt dráttarvextir samkvæmt fyrrnefndu ákvæði vaxtalaga og kröfugerð varnaraðila í samræmi við það. Frá 18. janúar eru síðan dæmdir dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags, án þess að neinn vaxtafótur sé tilgreindur, og er það einnig í samræmi við kröfugerð varnaraðila fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 12. gr. vaxtalaga skulu áfallnir dráttarvextir lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð, ef vanskil hafa staðið lengur en tólf mánuði. Verður ákvæði þetta eigi skilið á annan veg en þann, að í því felist lögboðin heimild fyrir kröfuhafa til að höfuðstólsfæra dráttarvexti að liðnum tólf mánuðum frá upphafi vanskila, ef dráttarvaxta hefur verið krafist. Er því eigi nauðsyn að krefjast sérstaklega höfuðstólsfærslu dráttarvaxta, ef krafa um þá er á annað borð gerð, þar sem í ákvæðinu felst sjálfstæð heimild til þess.

Í umræddu máli krafðist varnaraðili dráttarvaxta allt frá 18. nóvember 1988 til greiðsludags, en tilgreindi að auki dráttarvaxtafót fram til stefnubirtingardags, 18. janúar 1990. Er því enginn eðlismunur á kröfugerð varnaraðila fyrir stefnubirtingardag og eftir hann, þar sem í báðum tilvikum er krafist dráttarvaxta í samræmi við III. kafla vaxtalaga. Verður að telja, að þar sem dráttarvaxtakröfugerð varnaraðila fram til 18. janúar 1990 er í fullu samræmi við ákvæði 1. mgr. 10. gr. vaxtalaga og að í 12. gr. sömu laga er að finna fortakslausa heimild til höfuðstólsfærslu áfallinna dráttarvaxta eftir tiltekinn tíma, beri að staðfesta þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 10. apríl 1996, að fjárnámsgerð varnaraðila á hendur sóknaraðila skuli fram fara. Er því fallist á kröfu varnaraðila þar um.

Eftir þessum úrslitum ber að úrskurða sóknaraðila til að greiða varnaraðila málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 75.000 kr.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 10. apríl 1996, að fjárnámsgerð varnaraðila, Gerpis sf., á hendur sóknaraðila, Kristjáni Wendel, skuli fram fara, er staðfest.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 75.000 kr. í málskostnað.